

Mývatnsstofa ehf
Hraunvegi 8
660Mývatn

Reykjavík, 12. janúar 2022
UST202201-024/I.M.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til að halda hlaupaviðburð í Dimmuborgum

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Mývatnsstofu ehf, dagsett 3. janúar 2022, um leyfi til að halda árlegan hlaupaviðburð í Dimmuborgum.

Dimmuborgir eru friðlýstar sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 1262/2011. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir, spilla gróðri eða trufla dýralíf í náttúruvættinu. Sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir öllum athöfnum og viðburðum svo sem stærri samkomum og kvikmyndun.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að halda sk. Hraunhlaup í Dimmuborgum sem haldið hefur verið einn dag síðustu helgina í maí ár hvert. Sótt er um leyfi til þriggja ára, þ.e. fyrir árin 2022-2024. Hlaupið hefst við innganginn í Dimmuborgir og hlaupin verður 1,6km leið um Gataklett og í átt að Hverfjalli. Litlum gulum flöggum verður stungið niður til að vísa veginn eftir að hlaupið er í gegnum Gataklett. Hámarksfjöldi þátttakenda verður 200 manns. Hlaupaverðir verða 2-3 en einn mun hlaupa á eftir hópnum og tína upp rusl og merkingar þar sem við á.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins en hlaupið verður eftir eftir stígum alla leið sem bera vel þá umferð sem um svæðið fer. Hlaupið fer fram á tíma sem gestafjöldi er lítill og háannatími ferðaþjónustunar ekki hafin sem takmarkar neikvæð áhrif á gesti svæðisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Mývatnsstofu ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir Hraunhlaupinu í Dimmuborgum sbr. lýsingu hér að ofan einn dag í síðustu helgi maí árin 2022-2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal starfsmanni Umhverfisstofnunar á svæðinu, ár hvert, þegar verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Stjórnendur viðburðarins skili til Umhverfisstofnunar ár hvert, a.m.k. viku áður en keppni hefst, áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmd keppinnar. Í áætlun

skal m.a. koma fram fjöldi þáttakenda og hvernig staðið verði að frágangi að viðburði loknum.

- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Aðstandendur viðburðarins tryggji að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi, hvorki á/við hlaupaleiðir né á upphafsstað hlaups. Einnig að tryggt verði að merkingar sem notaðar verða við að merkja hlaupaleiðina verði fjarlægðar strax að viðburði loknum.
- Óheimilt er að hlaupa utan merktra stíga.
- Þáttakendur taki tillit til annara gesta svæðisins á þeim stígum sem viðburðurinn fer fram og við startið.
- Stjórnendur viðburðarins upplýsi þátttakendur um mikilvægi þess að halda sig á merktri hlaupaleið til að koma í veg fyrir rask á viðkvæmum gróðri og jarðminjum.
- Koma skal fyrir merkingum við innganga að Dimmuborg frá hádegi á keppnisdegi þar sem gestir svæðisins eru upplýstir um hlaupið og tímasetningu þess.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um viðburði er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu samhliða almennri landvörslu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
sérfræðingur

Davíð Örvar Hansson
sérfræðingur